

Reykjavík 2. maí 2024

Efni: Ályktun skólaráðs Breiðagerðisskóla um tillögu skóla- og frístundasviðs um að Birta, 1. – 5. bekkur verði deild við Breiðagerðisskóla og starfsemi hennar verði undir stjórn og á ábyrgð skólans. Birta er skólaúrræði fyrir börn flóttafólks sem hefur sótt um alþjóðlega vernd.

Skólaráð Breiðagerðisskóla styður ekki tillögu skóla- og frístundaráðs um að Birta – yngri deild verði staðsett við Breiðagerðisskóla né að skólinn verði ábyrgur fyrir starfsemi og rekstri hennar. Þessi afstaða var samhljóma meðal fundarmanna og byggir á eftirfarandi röksemdum.

Það er óhjákvæmilegt að Birta muni þrengja að starfsemi skólans á ýmsa vegu. Með vísan í greinargerð skólastjóra um möguleika Breiðagerðisskóla til að hýsa Birtu er ljóst að tæplega er húsnæðið nógu stórt til að hýsa starfsemi Birtu og skólans svo vel fari. Á meðan nemendum skólans fjölgar ekki er hægt að nýta útikennslustofur fyrir starfsemi Birtu en ekki verður hægt að veita aðgengi að sundlaug, íþróttahúsi eða list- og verkgræinastofum að óbreyttu. Jafnframt er matsalurinn í skólanum of lítill.

Það er mikil óvissa tengd þessu verkefni hvað varðar önnur áhrif sem það gæti haft á skólastarf. Skólaráð hefur áhyggjur af því að þegar verkefnið er komið í hús muni það vinda upp á sig og valda ýmsu ófyrirséðu álagi sem hafi áhrif á gæði náms og kennslu við skólann.

Af þessum sökum leggur skólaráð Breiðagerðisskóla til að Birtu verði fundinn annar staður en við Breiðagerðisskóla.

Fyrir hönd skólaráðs Breiðagerðisskóla

Porkell Daníel Jónsson - skólastjóri